

D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra fimmtudaginn 6. júlí 2006 í máli

nr. S-151/2006:

Ákærvaldið

(Eyþór Þorbergsson fulltrúi)

gegn

X

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var þann 21. júní s.l., er höfðað hér fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra með ákæruskjali lögreglustjórans á Akureyri útgefnu 16. maí 2006 á hendur X;

„fyrir umferðalagabrot, með því að hafa fimmtudaginn 6. apríl 2006, ekið bifreiðinni [...], undir áhrifum áfengis (2.93‰) og sviptur ökurétti, frá vínbúðinni við Hólabraut á Akureyri og að [...].“

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. lög nr. 48, 1997.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. nefndra umferðarlaga sbr. lög. Nr. 44, 1993 og lög nr. 84, 2004.“

Af hálfu ákærða er krafist sýknu. Þá er þess krafist að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þ.á.m. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hrl.

I.

Samkvæmt rannsóknargögnum barst lögreglunni á Akureyri tilkynning frá Fjarskiptamiðstöð um ölvaðan ökumann á bifreiðinni ... hjá ÁTVR við Hólabraut á Akureyri laust eftir kl.16:00 þann 6. apríl 2006. Er lögreglumenn komu að staðnum sáu þeir téðri bifreið ekið af stað frá bifreiðastæði ÁTVR og að ... þar sem bifreiðin var stöðvuð. Lögreglan hafði tal af meintum ökumanni, ákærða í máli þessu. Var hann greinilega ölvaður. Ákærði var handtekinn og færður á lögreglustöð til skýrslutöku. Við skýrslutöku kom fram að hann var sviptur ökurétti. Vaktlæknir kom og tók blóðsýni úr ákærða sem samkvæmt rannsókn reyndist innihalda 2.93‰ alkóhóls. Bifreið ákærða var færð á lögreglustöð og kveikjulaslyklar í vörslu varðstjóra.

II.

Ákærði neitar að hafa ekið bifreiðinni í greint sinn en viðurkennir ölvun sína. Kveðst hann hafi verið búinn að drekka áfengi meira og minna alla nóttina áður. Til hafi staðið að fara með rusl á bifreiðinni og því hafi hann verið staddur í bifreiðinni þegar lögreglan kom, en hann hafi verið að reyna að opna skottið á bílnum. Kveður hann A bróður sinn hafa ekið bifreiðinni og hafi hann verið búinn að aka bifreiðinni smá hring, m.a. til að fara í sjoppu og vínbúðina. Kveður ákærði A bróður sinn hafa verið á staðnum er lögreglan kom en lögreglan hafi ekkert rætt við hann. Kveður ákærði ekkert hafa verið hlustað á sig þarna á staðnum, hann hafi bara verið „tekinn með látum“. Aðspurður um hvort eitthvað áfengi hefði verið í bílnum kvaðst ákærði ekki vita hvort búíð hafi verið að taka það inn, en það hafði verið verslað eitthvað.

Vitnið Friðrik Sæmundur Sigfússon, lögreglumaður, lýsir afskiptum sínum að málinu þannig að það hafi komið til þeirra tilkynning um að ölvaður maður væri á bíl á bílastæðinu fyrir framan Ríkið. Þeir hafi ekið í áttina þangað, vestur Gránufélagsgötu, og séð ákærða sitja undir stýri kyrrstæðrar bifreiðarinnar. Þeir hafi ekið áfram í áttina að Hólabraut, snúi við þar og þá séð að bíllinn var farinn.

Þeir hafi síðan séð hvar bifreiðinni var ekið út af bílastæðinu við ... og áfram inn þá götu. Þeir hafi ekið því á eftir honum en er komu að honum hafi verið búíð að leggja bílnum og drepa á honum við Vitnið kveðst þekkja ákærða en geti ekki staðfest að hann hafi ekið bifreiðinni, en kveður hann hafa setið undir stýri á bifreiðastæðinu við Ríkið. Þetta hafi gerst á nokkrum sekúndum, eða í mesta lagi einni til tveim mínútum. Vitnið ber að ekki hafi verið aðrir í bifreiðinni en ákærði og ekki aðrir á vettvangi. Þegar þeir hafi hins vegar verið að hafa afskipti af ákærða hafi bróðir ákærða komið út í dyr á húsinu og ávarpað hann eitthvað.

Vitnið kveðst telja alveg útilokað að annar en ákærði hafi ekið bifreiðinni. Aðspurt um hvort lögreglumennirnir hafi átt orðaskipti við bróður ákærða ber vitnið að einhver orð hafi farið þeirra á milli, hann hafi spurt þá hvað væri að og svoleiðis.

Vitnið sagðist ekki muna nákvæmlega framburð ákærða á vettvangi en kveður hann hafa þrætt eitthvað fyrir að hafa ekið bifreiðinni, en vitnið minnstist þess ekki hvort ákærði hafi rætt um að einhver annar hefði gert það.

Vitnið Grétar Ingi Viðarsson, lögreglumaður, ber að þeir lögreglumennirnir hafi ekið vestur Gránufélagsgötu í átt að Oddeyrargötu þegar þeir hafi séð umrædda bifreið fyrir utan áfengisverslunina og hafi ákærði setið undir stýri. Vitnið kveðst

síðan hafa séð í baksýnisspeglinum að bifreiðinni var ekið af stað, þeir hafi því snúið við og ekið á eftir bílnum norður ..., þ.e. til vinstri út af bílplaninu, og hafi þeir komið að bifreiðinni kyrrstæðri fyrir utan hús númer ... við götuna. Vitnið kveðst þekkja ákærða og hafi ekki séð betur en hann væri einn í bílnum. Aðspurt kveðst vitnið ekki gera sér grein fyrir hvað atburðarrásin hafi tekið langan tíma, en telur að um nokkrar sekúndur hafi verið að ræða, í það mesta eina til eina og hálfra mínútu. Vitnið álitur að ekki sé mögulegt að um annan ökumann hafi verið að ræða. Hann hafi séð ákærða einan í bílnum þegar þeir óku framhjá og síðan er þeir komu að bílnum þar sem hann var kyrrstæður á bílastæðinu hafi ákærði verið einn í honum og undir stýri. Aðspurt kveðst vitnið ekki geta fullyrt hvort bifreiðinni hafi verið lagt fyrir utan ... eða 6, en fyrst það hafi fullyrt í frumskýrslu að það hafi verið ..., þá hljóti svo að vera. Vitnið ber að enginn annar hafi verið á vettvangi en maður hafi komið út í dyrnar á húsi þarna er lögreglumennirnir voru komnir út úr bílnum, en vitnið segist ekki hafa rætt við hann. Vitnið kveðst ekki hafa rætt við ákærða neitt að ráði en þó hafa spurt hann hvar lyklarnir væru en ákærði hafi spurt á móti „hvaða lyklar“? Vitnið minnst að vitnið Sæmundur hafi síðan fundið lyklana í bílnum. Vitnið kveðst ekki geta sagt til um hvort áfengi hafi verið í bílnum. Ekki hafi verið kannað hvaða erindi ákærði átti í vínbúðina eftir að ábending barst um að hann væri þar. Vitnið minnst þess ekki að ákærði hafi getið þess að einhver annar hefði ekið bifreiðinni.

Vitnið A, bróðir ákærða, féllst á að bera vitni í málinu en kveðst ekki muna eftir umræddu atviki.

III.

Samkvæmt samhljóða framburði tveggja lögreglumanna sat ákærði undir stýri bifreiðarinnar ... þar sem hún var kyrrstæð fyrir utan Vínbúðina við Hólabraut, og var ákærði þá einn í bílnum. Annar lögreglumaðurinn bar að hann hafi síðan séð í baksýnisspegli lögreglubifreiðarinnar að bifreiðinn var ekið af stað. Báðir staðfestu þeir að þeir þekktu ákærða. Báðir lögreglumennirnir bera að ákærði hafi verið einn í bifreiðinni og setið undir stýri hennar er þeir komu að henni kyrrstæðri í

Báðir bera þeir að atburðarrásin, frá því þeir sáu bifreiðina kyrrstæða við Vínbúðina og þar til þeir komu að henni í Laxagötu, hafi tekið í mesta lagi eina til tvær mínútur. Telja þeir ómögulegt að annar en ákærði hafi ekið bifreiðinni umrædda vegalengd.

Að öllu framangreindu virtu er það mat dómsins að komin sé fram lögfull sönnun þess að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru. Varðar sú háttsemi hans við lagaákvæði þau er í ákæru greinir.

IV.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærði alls sautján sinnum hlotið dóm fyrir brot gegn almennum hegningarlögum og umferðarlögum, aðallega vegna ölvunar- og sviptingarakturs. Þann 1. nóvember 2002 var ákærði dæmdur til greiðslu sektar að upphæð kr. 130.000,- og sviptur ökurétti ævilangt fyrir brot gegn

sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Þann 15. sama mánaðar hlaut ákærði 15 mánaða fangelsisdóm og var ökuleyfissvipting ævilangt áréttuð, fyrir brot gegn 1. sbr. 3. mgr. 45. gr., 2. mgr. 37. gr. umferðarlaga og 244. gr. almennra hegningarlaga. Var ákærða veitt reynslulausn þann 26. október 2004 í tvö ár á eftirstöðum refsingar, 225 dagar.

Þann 5. október 2005 var ákærði dæmdur til 12 mánaða fangelsis og sviptingar ökuréttar ævilangt fyrir brot gegn 1. sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Var þar um tvö brot á tédum lagagreinum að ræða en einnig rauf ákærði skilorð reynslulausnar. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 16. febrúar 2006 var ákærða dæmdur hegningarauki fyrir brot á sömu greinum umferðarlaga.

Að ofangreindu virtu þykir refsing ákærða nú hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Samkvæmt dómi uppkveðnum 5. október 2005 var ákærði sviptur ökurétti ævilangt. Með dómi uppkveðnum 16. febrúar 2006 var áréttuð ævilöng ökuréttarsvipting ákærða. Þar sem ákærði hefur þegar verið sviptur ökurétti ævilangt, sbr. framanskráð, eru ekki efni til að dæma ökuréttarsviptingu í þessu máli eins og krafist er í ákæru.

Samkvæmt yfirliti yfir sakarkostnað, nemur hann kr. 19.892.- vegna blóðtöku og alkóhólrannsóknar og kr. 22.990.- vegna ferðakostnaðar verjanda og ber að dæma ákærða til greiðslu þeirra fjárhæða í sakarkostnað ásamt málsvarnarlaunum skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hrl., sem ákvarðast kr. 140.000,- að virðisaukaskatti meðtöldum eða samtals kr. 182.882.-.

Dóminn kveður upp Freyr Ófeigsson, dómstjóri.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði, X, sæt fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði kr. 182.882.- í sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., kr. 140.000.- og er þá virðisaukaskattur innifalinn.